

Endurskoðun Menningarstefnu Akureyrar: Tónlistarhópur

Inngangur:

Hér á eftir er afurð vinnuhóps um málefni tónlistarinnar sem skipaður var af stjórn Akureyrarstofu til að setja fram áherslu atriði sem grunn að kafla um tónlist í endurskoðun menningarstefnu Akureyrarbæjar. Hópurinn skipuðu Kolbrún Jónsdóttir, Tónlistarskólanum á Akureyri (í fjarveru Hjörleifs Jónssonar), Magna Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Haukur Tryggvason, Græna hattinum, Vilhjálmur Ingi Sigurðarson, Tónlistarfélagi Akureyrar og Þórarinn Stefánsson, L-lista. Starfsmaður og verkstjóri hópsins var Helgi Þ. Svavarsson.


Við vinnuna var beitt svokallaðri *miðlunaraðferð* sem byggist að miklu leiti á hugstormun og gerð sameiginlegs hugarkorts. Þessi aðferð hjálpar til við að tryggja að sjónarmið allra komi jafnt fram og hjálpar til við að gera alla aðila jafn virka í umræðum og framsetningu skoðanna sinna. Hér gefur að líta sameiginlega niðurstöðu hópsins. Í langflestum tilvikum var hópurinn sammála en þar sem ágreiningur var fyrir hendi í hópnum er honum leyft að standa og gerð grein fyrir eðli hans í texta hér á eftir.

Niðurstöðurnar skiptast í þrjá hluta. Svót greiningu, Framtíðarsýn og nokkrar hugmyndir að aðgerðum.

Menningarstefna Akureyrar Tónlistarhópur

Svót Greining

Sýrileikar	Væðileikar	Gagnir	Tækifæri
Tónlistarmenntun Góðir skólar almennt. Hof. Graeni Hatturinn. Akureyrarkirkja.	Fjármagn Skortur á fjármagni. Búnaði fjármagn. ferðakostnaður. Skerð samfélagsins. aðgangi að fjekublum. Fábeyrni. Mammaður.	Fjármagn niðurkurður. skortur. kostnaður. Skammta. aðanenn. Hefin. Skerð samfélagsins. Fábeyrni mammaú. oframboð.	abblunauður Góð aðstæða til tónlistarfræðingis. Byggja á því starfi. Aukin fjármennska. Mammaður. uppþvinging stárrt verk. Samstarf stofnanna. Tónlistarmennaskeili. Aðkoma ríkis að tónlistarmanni. Stöðugt hlífandi starf. meira aðliðandi í kennara.
Tónlistarhópur Graeni háturinn. Akureyrar kirkja.	Skortur á samþjöfnun. vantar samnemda kynningu. fjölbreyrni á almennu sýslum. skortur á tilfæraraleikum á ákveðnum svölum. möguleikar á farráðningu hljóðfæraralekara t.d. SN.	skortur á samstarfi. of lítt of lengi við stölin. skilningsefleysi/pólitískur.	Tónlistarmenntun.
Hefin/Sagan Graeðin. Ahugi tónlistarfélkis. Fagnmennska. Gæði Tónlistarmanna.	Mammaður.	Fábeyrni mammaú. oframboð.	Tónlistarmenntun.
Samstarf Fjölbreyrni.	Samstarf stofnanna. Svót inæstu sveitarfélög. upp að vissu marki.	Fábeyrni mammaú. oframboð.	Tónlistarmenntun.



Svót greining.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar tónlistarlífsins að mati hópsins er tónlistarmennunin á Akureyri með þeim tónlistarskólum sem hér starfa, aðbúnaður til tónlistarflutning, hinir fjölbreytilegu og öflugu tónlistarhópar á Akureyri, hefðin og sagan sem er svo rík á Akureyri, hinn mikli mannauður sem liggur í einstaklingunum sem starfa að tónlist á Akureyri, og síðast en ekki síst samstarf milli listastofnanna. Flestir í hópnun töldu fjölbreytni í tónlistarlífinu á Akureyri vera styrkleika en í umræðum kom þá fram að þessi fjölbreytileiki væri takmarkaður t.d. með tilliti til flutningar á nútímatónlist eða skorts á hljóðfæraleikum á ákveðin hljóðfæri. Annað er ekki um þennan þátt að segja og skýrir hann sig að mestu leyti sjálfur í yfirlitsmyndinni hér til hliðar. Hópurinn vill leggja sérstaka áherslu á styrk grasrótanna og þann mikla auð sem liggur í ungu tónlistarfólki á Akureyri.

Styrkleikar 🏆👤	
Tónlistarmenntun	Tónlistarskólinn Góðir skólar almennt
Aðbúnaður	Hof Græni Hatturinn Akureyrarkirkja
Tónlistarhópar	SN Kórar Græni hatturinn Akureyrar kirkja
Hefðin/Sagan	
Mannauður	Grasrótin Áhugi tónlistarfólks Fagmennska Gæði Tónlistarmanna
Samstarf	Samstarf stofnanna Stutt í næstu sveitarfélög
! Fjölbreytni	upp að vissu marki

Veikleikar

Hópurinn var almennt sammála um það hverjir voru helstu veikleikar tónlistarlífsins á Akureyri.

Fjármagn eða öllu heldur skortur á því er helsti veikleiki tónlistarlífs á Akureyri. Ferðakostnaður er hár sem leiðir til þess að dýrt er að fá utanaðkomandi listamenn hingað til Akureyrar. Smæð samfélagsins hér er einnig veikleiki sem kemur fram í því að áheyrenda hópurinn er frekar takmarkaður. Þá taldi hópurinn að aðgengi að umfjöllun í

fjölmíðlum sé of takmarkað og að nauðsynlegt sé að gera betur í þeim málum t.d. sem samræmdri kynningu á þeim tónlistar og öðrum listviðburðum sem eru í gangi á Akureyri og nágrenni.

Í mannauðnum liggur ákveðinn veikleiki sem fellst helst í skorti á hljóðfæraleikum á ákveðnum sviðum. Þessum skorti fylgir ákveðin fábreytni á vissum sviðum, sérstaklega í flutningi á sígildritónlist og nútímatónlist. Úr þessu má bæta með t.d. möguleikum að fastráðningu hljóðfæraleikara í SN sem hinsvegar kallar á aukið fjármagn.


Helsta ágreiningsefni innan hópsins birtist í því hvernig það fjármagn sem er veitt í tónlist af opinberum aðilum og hvernig það er nota. Kom fram sú skoðun að of mikið af fjármagninu væri bundið og það ætti frekar að vera sem sjóður. Samhliða þessu koma þó fram sú ósk innan hópsins að aukinn möguleiki væri að fastráðningu sem kallar á aukið bundið fjármagn.

Veikleikar 🏠 🗨️	
Fjármagn	Skortur á fjármagni Bundið fjármagn ferðakostnaður
Stærð samfélagsins	
aðgengi að fjölmíðlum	Skortur á umfjöllun vantar samræmda kynningu
Fábreytni	fjölbreytni á afmörkuðum sviðum
Mannauður	skortur á hljóðfæraleikum á ákveðnum sviðum möguleikar á fastráðningu hljóðfæraleikara t.d. SN

Comment [helgis1]: Utan að komandi athugasemd:
Vardandi aðgengi að fjölmíðlum, þá er slíkt eitthvað sem ekki verður til á einni nóttu. Þar þarf að myndast traust á milli fjölmíðla og listamannanna sem til þeirra leita. Einnig þarf að vanda fréttatilkynningagerð betur. Í samtölum við fjölmíðlamenn hef ég heyrt að fréttatilkynningar eru mjög oft svo illa unnar að þær ná ekki til fjölmíðlamanna. Það berst gríðarlegur fjöldi fréttatilkynninga til fjölmíðla og fjölmíðlamir hafa sín áhugasvið. Við getum ekki gert þá kröfu að þeir birti umsagnir um það sem við erum að gera. Etvænti mætti hugsa sér hvort einhver stofnun hér tæki að sér að sjá um að koma viðburðum á framfæri. Akureyrarstofa stendur sig vel við að kynna hlutina hér í bænum. Kannski er hægt að finna flöt á að nýta það hæfa fólk til að hjálpa tónlistarhópum og einstaklingum enn frekar.

Ógnanir.

Sem ógnanir við tónlistarlífið á Akureyri má fyrst telja skortur og niðurskurður á fjármagni. Því tengt er að þeir sem í hópnum voru óttast skilningsleysi á málefni tónlistarinnar meðal ráðamanna. Hópurinn var seinhuga um að ein helsta ógnin væri óeining og ósamstaða meðal tónlistarmanna á Akureyri. Í því tilfalli var helst tengd sama smæð samfélagsins, hefðin, sem bæði getur birst sem styrkur og ógn, og þröngsýni innan hópsins og skortur á gagnrýninni **hugsun**. Með myndinni hér til hliðar er leitast við að skýra þessa **tenginu**.



Comment [helgis2]: Utanaðk omandi Athugasemd: Varðandinn óeiningu á meðal tónlistarmanna, þá held ég að hún sé að mestu bundin við starfsfólk Tónlistarskólans á Akureyri og hluti af þessari óeiningu er ekki bein vandræði á milli hópa og persóna, heldur oft vegna ágreinings tónlistarmanns við stofnanir sem stjórnað er af tónlistarmönnum.

Comment [helgis3]: Utanaðk omandi athugasemd: Ég tel að stærsta ógnunin við tónlistarlífið hér á Akureyri sé sá að hér virðist ekki mega gera kröfur á tónlistarfólk, tónleikahaldara, tæknimenn o.fl. Sennilega hefur það með stærð bæjarins að gera. Því miður eru mjög margir tónleikar haldnir þar sem fyrirkomulagið er til skammar. Illa æfð og flutt tónlist, kæruleysisleg vinnubrögð, léleg efnisskrágerð, klaufalegar kynningar, vanhugsaðar sviðsmyndir, slæmt hljóð og lýsing o.fl. Það þarf að gera miklu meiri kröfur til tónleikahaldara.

Tækifæri

Tækifæri tónlistar-
lífins eru mörg á
Akureyri og felast
þau í þeim aðbúnaði
sem tónlistinni er
búin á Akureyri.
Nauðsynlegt er að
byggja á því starfi
sem fyrir er á

Tækifæri 🏠 🗨️	
aðbúnaður	Góð aðstaða til tónlistarflutnings
Byggja á því starfi sem er í gangi	Aukin fjölbreytni Aukin fagmennska Mannauður
Samstarfi	uppsetning stærri verka Samstarf stofnanna
Tónlistarmenntun	Tónlistarmenntaskóli 🗨️ Aðkoma ríkis að tónlistarnámi Stöðugt hljómsv. starf meira aðlaðandi f. kennara

Akureyri og með öflugum samstarfi lista og menningarstofnanna á Akureyri þá má í auknum mæli halda fleiri stórviðburði sem draga munu hingað að ferðamenn.

Framtíðarsýn.

Í framtíðinni sér hópufrinn að Auka þurfi fjármagn til greinarinnar. Einnig sér hann mikla möguleika felast í auknu samstarfi við ferðaþjónustuna í sambandi við menningartengda ferðaþjónustu. Gæta þarf að yfirbygging vaxi ekki um of á kostnað verkefna og forðast þarf of mikla miðstýringu. Með aukinni samræmingu í kynningarmálum má sjá fyrir sér að inn á svæðið komi

Framtíðarsýn 🏠 ⌵	
Fjármagn	Fá inn aukið fjármagn
Menningartengd ferðaþjónusta	alþjóðaflugvöllur aukning ferða- manna/ aukin vinna
Skipulag	Yfirbygging minni miðstýring
Fjölbreytni	Aukið streymi tónlistarmanna inn á svæðið (gestir) Fleiri tónleikar meiri aðsókn Aukinn fjölbreytileiki í flutningi tónlistar
Kynningarmál	Samræmdar kynningar á Eyjafjarðar svæðinu Markviss markaðssetning Aukin umfjöllun/ gagnrýni
Aukið atvinnuöryggi	Fastráðningar hljóðfæraleikara í SN Auknir möguleikar á ráðningu tónlistarmanna Distriktmusiker í Noregi
Samstarfsverkefni	óperusýning Söngleikir Ballett sýningar

fleiri tónlistarmenn sem geti af sér fleiri tónleika og þar með aðsókn sem gefur kost á að auka fjölbreytni í flutningi tónlistar. Hópurinn horfi til þess að hægt verði að auka atvinnuöryggi tónlistarmanna á svæðinu og horfir þar til möguleika á fastráðningu hljóðfæraleikara.

Hugmyndir að verkefnum.

Hugmyndir að leiðum 🗳️ 🗳️
Bættar almenningssamgöngur á svæðinu
Starfsmaður ráðin til að sinna styrkumsóknum gagnv. t.d. evrópusambandinu og norðurlöndum
Listrænan stjórnanda í Hof
Stofna sjóð
marka launastefnu
nýta betur Ak. stofu
Fagleg gagnrýni

Niðurlag.

Það er von hópsins að þessir punktar geti orðið grundvöllur uppbyggilegrar umræðu um uppbyggingu tónlistarlífs á Akureyri. Einnig vonar hann að sú stefna sem verður til upp úr þessari vinnu verði til þess að tónlistarlíf á Akureyri haldi áfram að blómstra um ókomin ár.

Haukur Tryggvason,

Kolbrún Jónsdóttir,

Magna Guðmundsdóttir,

Vilhjálmur Ingi Sigurðarson,

Þórarinn Stefánsson

Helgi Þ. Svavarsson.